

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2007, föstudaginn 21. desember kl. 12:00 var haldinn 80. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessir sátu fundinn: Ástráður Haraldsson, Jón Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Jón Þór Sturluson, Kjartan Magnússon og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Ennfremur sátu fundinn forstjóri, framkvæmdastjóri fjármála og framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu.

Fundarritari var Ingibjörg Sverrisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga til stjórnar dags. 14. þ.m. um að halda orkuhluta raforkuverðs óbreyttu, óháð breytingu á flutningskostnaði Landsnets hf. frá 1. október s.l. Tillögunni fylgir greinargerð. Samþykkt.
2. Lögð fram tillaga stjórnarformanns dags. 27. nóvember frá síðasta fundi um að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur falli frá ákvörðun um að leita eftir tilboðum í hlutafé Gagnaveitu Reykjavíkur. Tillögunni fylgir greinargerð. Samþykkt.

Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson sátu hjá og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Gagnaveita Reykjavíkur hf er framsækið fyrirtæki, sem veitir góða þjónustu og hefur afar hæfu starfsfólki á að skipa. Í fyrirtækinu eru veruleg verðmæti enda hefur ekkert verið til sparað við uppbyggingu þess. Við stofnun Línu.Nets forvera Gagnaveitunnar, stóð til að leggja að hámarki 200 milljónir króna í fyrirtækið. Nú nemur kostnaður Orkuveitunnar vegna Gagnaveitunnar og tengdra fyrirtækja hins vegar um 7.000 milljónum króna.

Gagnaveita Reykjavíkur á í harðri samkeppni á frjálsum markaði við önnur fjarskiptafyrirtæki. Vel kemur til greina að losa fyrirtækið úr opinberri eigu og leitast þar með við að auka heilbrigða samkeppni á fjarskiptamarkaði enda er starfsemi þess ekki hluti af kjarnastarfsemi Orkuveitunnar. Besta leiðin til að finna raunverulegt markaðsverðmæti er að leita eftir tilboðum í hlutafé hennar á opnum markaði. Með slíku útboði kæmi í ljós hvaða trú fjárfestar hafa á viðskiptaáætlunum þeim, sem auka eiga verðmæti fyrirtækisins til framtíðar, samkvæmt nýbirtu verðmati. Að því loknu væri síðan hægt að taka afstöðu til þess hvort selja ætti fyrirtækið og þá hvenær.

3. Lögð fram til kynningar yfirlýsing dags. 21. nóvember s.l. um samstarf um könnun þess að endurheimta fyrri hámarksstærð Hagavatns milli Orkuveitu Reykjavíkur, Landgræðslu ríkisins, meirihluta eigenda Úthlíðartorfu og Sveitarstjórnar Bláskógarbyggðar.

4. Lagt fram erindi Alcan dags. 12. þ.m. um ósk um breytingu á áður undirrituðum samningi um kaup á 200 MW orku til afhendingar til álvers í Straumsvík. Afhending orkunnar átti að fara fram síðari hluta ársins 2010.

Lögð fram svohljóðandi bókun stjórnar:

Samningur Alcan á Íslandi og Orkuveitu Reykjavíkur frá 11. maí 2006, kveður á um sölu á 200 MW til nýs álvers í Straumsvík. Afhending orkunnar skal fara fram á síðari hluta ársins 2010.

Eins og fram kemur í bréfi Alcan á Íslandi, dags. 12.12.2007, hafa eftir gerð samningsins, komið upp þær aðstæður í Hafnarfirði að fyrirtækið mun ekki byggja nýtt álver í Straumsvík. Orkuveita Reykjavíkur lítur á bréf Alcan sem tilkynningu um að fyrirtækið geti ekki uppfyllt samningsákvæði sín við Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveita Reykjavíkur er ekki reiðubúin, miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, til breytinga á orkusölusamningnum eða gerðs nýs samnings, sem geri ráð fyrir öðrum afhendingarstað og afhendingatíma. Ákveði Alcan á Íslandi síðar að reisa nýtt álver á Íslandi stendur fyrirtækinu, eins og öðrum orkukaupendum, til boða að ræða við Orkuveitu Reykjavíkur um orkukaup.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur felur forstjóra að láta kanna réttarstöðu Orkuveitu Reykjavíkur með hliðsjón af grein 5.5 í orkusölusamningnum.

Samþykkt.

5. Lagður fram kaupsamningur dagsettur 5. þ.m. um kaup á hluta lands úr landi Hjallatorfunnar.

Samþykkt.

6. Lögð fram tillaga dags. 19. þ.m. um að skipa tveggja manna starfshóp til að fara yfir og gera tillögur að breytingum á starfsreglum stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Skal hópurinn vinna í samráði forstjóra OR og skila tillögum sínum til stjórnarformanns Orkuveitu Reykjavíkur fyrir lok janúar 2008.

Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson lögðu fram svohljóðandi tillögu:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að fundargerðir stjórnar félagsins verði gerðar opinberar og birtar á heimasíðu fyrirtækisins.

Greinargerð:

Æskilegt er að sem minnst leynd hvíli yfir rekstri opinberra fyrirtækja og að almenningur hafi sem greiðastan aðgang að upplýsingum um þau. Vissulega eru þó ýmsar upplýsingar um rekstur opinberra fyrirtækja sem rétt er að séu ekki skráðar í opinberar fundargerðir, þótt þær séu ræddar á stjórnarfundum. Í tilviki Orkuveitunnar eru viðkvæmar viðskiptaupplýsingar dæmi um slíkt. Sé um slíkar upplýsingar að ræða er hægt að óska eftir því að farið sé með þær sem trúnaðarmál og þær séu ekki skráðar í opinbera fundargerð.

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfélag, sem starfrækt er á grundvelli sérstakra laga. Álitamál er hvort rekstur fyrirtækisins heyri undir stjórnarsýslulög

eða einkarétt. Fundargerðir opinberra stjórnar, þ.m.t. stjórna fyrirtækja í opinberri eigu, eru að jafnaði opinberar og eðlilegt má teljast að stjórnarsýslulög gildi um slík fyrirtæki.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Forstjóri dreifði úrskurði frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál dags. 11. desember 2007.

7. Lagt fram erindi Loftorku ehf., dags. 29. nóvember s.l. um ósk um breytingu á gjaldskrá fyrir kalt vatn.
Samþykkt að forstjóra verði falið að svara erindinu.
8. Lagt fram erindi til stjórnar dags. 14. desember um að hefja undirbúning um sölu á Nesbúð í Grímsnes- og Grafningshreppi.
Samþykkt.
9. Lagðar fram eftirfarandi tillögur dags. 14. desember s.l. um framleiðslu lífmassa og eyðingu brennisteinsvetnis.
 1. Lagt er til að Orkuveita Reykjavíkur breyti framlagi sínu til tilraunaverkefnis um “Prótein úr vetni” í hlutafé í Prókatín ehf.. Í desember byrjun var framlag Orkuveitu Reykjavíkur komið í um 16,4 milljónir.
 2. Forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur verði falið að skoða á hvern hátt Prókatín verkefnið falli að öðrum lausnum, sem verið er að skoða vegna förgunar á brennisteinsvetni. Í kjölfarið verði gengið til samninga við Prókatín ehf. um samstarf á grundvelli þeirrar tillögu sem fyrirtækið hefur lagt fram og samanburði við aðrar mögulegar lausnir.

Samþykkt.

10. Jón Sigurðsson og Hjörleifur B. Kvaran upplýstu um stöðu mála hjá Reykjavík Energy Invest.

Óskað er eftir minnisblaði frá forstjóra um verðmæti eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja.

Kjartan Magnússon og Júlíus Vífill Ingvarsson lögðu fram bókun:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fól formanni dags. 30. október s.l. að ræða við hagsmunaaðila hins svokallaða REI máls um þá stöðu sem upp kom og framhald málsins. Algjör þögn hefur ríkt um störf formanns enda í fyrstu skilningur okkar að eðlilegt væri að gefa honum ákveðið svigrúm í té að vinna að skynsamlegri niðurstöðu. Nú er hins vegar orðið löngu tímabært að gerð sé grein fyrir því hvort þessi vinna sé líkleg til að skila árangri.

Á síðasta stjórnarfundum óskuðum við eftir upplýsingum en fengum engar og enn hefur ekkert verið lagt fram á fundi stjórnar. Vinnubrögð þessi eru átalín. Verði ekki brugðist við erum við nauðbeygðir til þess að leita upplýsinga varðandi þetta beint frá þeim sem málið varðar.

Óskað er eftir stjórnarfundum varðandi ofangreint sem fyrst.

11. Lagt fram erindi bæjarstjóra Hafnarfjarðar dags. 20. þ.m. um samþykkt bæjarstjórnar um að nýta ákvæði viljayfirlýsingar milli Hafnarfjarðarbæjar og Orkuveitu Reykjavíkur frá 2. júlí 2007.
12. Lagt fram erindi framkvæmdastjóra fjármála dags. í dag þar sem óskað er heimildar stjórnar til að ganga til samninga við tryggingamiðlara um kaup á þjónustu vegna undirbúnings og framkvæmdar á útboði trygginga. Tryggingar verða boðnar út á Evrópska efnahagssvæðinu. Fyrirhugað er að bjóða út fyrsta áfanga trygginganna í mars/apríl 2008.
Samþykkt.
13. Lagt fram erindi bæjarráðs Akraness dagsett 19. þ.m. með eftirfarandi spurningum:

Óskað var eftir upplýsingum um eftirfarandi atriði:

- Hver ákvað að fara skyldi fram stjórnarsýsluúttekt á Orkuveitu Reykjavíkur?
- Hverjir kusu nefnd þá er á að hafa umsjón með úttektinni?
- Var öllum eignaraðilum boðin aðild að nefndinni?
- Liggja fyrir heimildir allra eignaraðila um fyrrgreinda úttekt á sameignarfyrirtækinu?
- Hverjir voru fengnir til að vinna að ofangreindri úttekt?
- Hverjir ákváðu að fá þá úttektaraðila til verksins?
- Hvað gögn og skjöl hefur verið beðið um af úttektaraðilum
- Við hvaða lagaákvæði er stuðst í þessari úttekt og hverjar eru lagaheimildir að baki henni?
- Hvert verður gildi niðurstaðna þessarar úttektar og hvernig á að fara með þær?
- Hver mun greiða þann kostnað sem hlýst af ofangreindri úttekt?
- Er það skoðun stjórnar OR að bæjarstjórn Akraness geti farið með sína úttektarmenn inn í fyrirtækið og krafist gagna og kallað starfsmenn í viðtöl?

Vísað til forstjóra og stjórnarformanns til afgreiðslu.

14. Kjartan Magnússon óskar eftir að varamenn sjálfstæðismanna fái send fundargögn vegna stjórnarfunda.
Ákveðið að taka málið fyrir með tillögum að breytingum á starfsreglum stjórnar.
15. Næsti stjórnarfundur verður haldinn 18. janúar n.k. kl. 12:00.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 15:00

Jón Sigurðsson,
Ástráður Haraldsson, Björn Bjarki Þorsteinsson, Gunnar Sigurðsson,
Jón Þór Sturluson, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon.